SÖLUFULLTRÚAR
Viðar Ingi Pétursson vip@365.is 512 5426
Hrannar Helgason hrannar@365.is 512 5441

Allar atvinnuauglýsingar vikunnar á visir.is

Tengill ehf

# Iðnstýringasérfræðingur – PLC iðntölvuforritun

*Tengill ehf. er rótgróið og framsækið fyrirtæki sem hefur starfað í yfir 27 ár. Fyrirtækið hefur á að skipa fjölhæfu starfsfólki með víðtæka reynslu s.s. á sviði raflagna, ljósleiðaratenginga, iðnstýringa, tölvuviðgerða og fleira.*

***www.tengillehf.is***

Tengill ehf. á Sauðárkróki óskar að ráða reyndan PLC sérfræðing í fjölbreytt starf. Frábært tækifæri í boði fyrir reyndan sérfræðing á sviði iðntölvuforritunar sem langar í gott framtíðarstarf.

**Starfssvið**

- Iðntölvuforritun og tengd verkefni
- Greining og hönnun sjálfvirknikerfa
- Verkefnastjórnun og kerfisgangsetningar

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Árangursrík starfsreynsla í forritun iðntölva
- Skipulögð og öguð vinnubrögð

*Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl nk. Umsókn ásamt ferilskrá óskast fyllt út á www.intellecta.is. Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is)** og Ari Eyberg (**ari@intellecta.is)** í síma 511 1225. **Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.***

***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
▪ ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

LS Retail

# AX og NAV sérfræðingar!

*Frumkvæði og nýsköpun eru mikilsverðir eiginleikar sem hafa skipað LS Retail í fremstu röð í þróun hugbúnaðar á alþjóðavísu. Hugbúnaður okkar er seldur í samstarfi við yfir 200 vottuð fyrirtæki í um 70 löndum. Yfir 3.000 fyrirtæki nota hugbúnað LS Retail.*

*Við leggjum okkur fram, stöndum saman og vitum hvað þarf til að skara framúr.*

*Sjá nánar á www.lsretail.com*

Vegna aukinna verkefna óskar LS Retail eftir að ráða framúrskarandi sérfræðinga. Við leitum að öflugum og metnaðarfullum einstaklingum sem njóta sín í fjölbreyttum og krefjandi verkefnum. Í boði eru störf með fastri viðveru á Íslandi og einnig þar sem ferðalög vegna verkefna erlendis eru hluti af starfinu.

## Senior AX developer

Starfið fest í forritun og þróun á Microsoft Dynamics AX viðskiptalausnum í tengslum við vöruþróun fyrir alþjóðlegan markað.
**Menntunar- og hæfniskröfur:** Háskólamenntun á sviði tölvunar-, verk- eða kerfisfræði. Leitað er að einstaklingi með reynslu af hugbúnaðargerð og hönnun lausna fyrir Microsoft Dynamics AX.

## Senior NAV consultant

Starfið felst í ráðgjöf og umsjón innleiðinga á Microsoft Dynamics NAV viðskiptalausnum í tengslum við innleiðingar lausna fyrir alþjóðlegan markað.
**Menntunar- og hæfniskröfur:** Háskólamenntun á sviði viðskipta, tölvunar- verk- eða kerfisfræði. Leitað er að reyndum Microsoft Dynamics NAV sérfræðingi. Reynsla af forritun í NAV er nauðsynleg.

**Mikil tækifæri í boði!**

*Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl 2015. Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) hjá Intellecta í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá.*
***Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.***

***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
▪ ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

# Forstjóri

*Mjólkursamsalan er rekstrarfélag mjólkuriðnaðarins á Íslandi og er í eigu rúmlega 600 kúabænda um land allt.*

*Hlutverk félagsins er að taka við mjólk frá eigendum sínum og umbreyta í hollar og góðar mjólkurafurðir í takt við þarfir íslenskra neytenda. Félagið heldur úti öflugu dreifingarkerfi sem tryggir nánast öllum landsmönnum reglulegan aðgang að ferskum mjólkurvörum.*

*Mjólkursamsalan tók til starfa þann 1. janúar 2007 og eru aðalskrifstofur félagsins að Bitruhálsi 1 í Reykjavík en alls rekur félagið sex starfsstöðvar í Reykjavík, Búðardal, Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi. Heildarfjöldi starfsmanna er um 410.*

*Nánari upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess **www.ms.is***

Mjólkursamsalan ehf. óskar að ráða til starfa forstjóra Mjólkursamsölunnar. Staðan heyrir undir stjórn Mjólkursamsölunnar. Mjólkursamsalan er í eigu tveggja samvinnufélaga, Auðhumlu (90%) sem er samvinnufélag kúabænda, og Kaupfélags Skagfirðinga (10%).

**Starfssvið:**

- Dagleg stjórnun og rekstur Mjólkursamsölunnar
- Undirbúningur, eftirlit og eftirfylgni með framkvæmd verkefna
- Áætlanagerð
- Samvinna og samskipti við stjórnvöld og stofnanir
- Samvinna og samskipti við hagsmunaaðila
- Nýsköpun og þróunarvinna á markaði, bæði innanlands og utan
- Talsmaður MS á opinberum vettvangi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla úr framleiðsluiðnaði er kostur
- Farsæl reynsla af stjórnunarstörfum
- Mjög góð samskiptahæfni
- Aðlögunarhæfni, frumkvæði og öguð vinnubrögð
- Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Þekking og reynsla af nýsköpun og þróunarvinnu í matvælaiðnaði er kostur

Kjörið tækifæri fyrir einstakling sem hefur náð góðum árangri í starfi og langar að takast á við nýjar áskoranir.

*Umsóknarfrestur er til og með 13. apríl 2015. Nánari upplýsingar um starfið veita Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) hjá Intellecta í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf. **Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.***

***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
▪ ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

# Vilt þú EFLAst með okkur?

EFLA leitar að öflugum tæknimanni tölvumála til starfa við notendaþjónustu í tölvudeild fyrirtækisins. Tölvudeild EFLU hefur það meginhlutverk að halda um og reka tölvukerfi EFLU og sinna notendaþjónustu við starfsmenn.

Hæfniskröfur:

- Góð almenn þekking á Microsoft umhverfi og Office hugbúnað.
- Góð þekking á hönnunar- og teiknihugbúnað.
- Að lágmarki 3 ára reynsla í þjónustu við notendur.
- Sérlega góðir samskiptahæfileikar og þjónustulipurð.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal berast í gegnum heimasíðu EFLU, www.efla.is/umsokn-um-starf, fyrir 12. apríl næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál. Frekari upplýsingar um umsóknir og ferlið veitir Ingunn Ólafsdóttir, mannauðsstjóri (ingunn.olafsdottir@efla.is).

Frekari upplýsingar um helstu verkefni og faglegar kröfur veitir Einar Hólm, kerfisstjóri (einar.holm@efla.is).

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem veitir vandaða þjónustu á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. Við lítum á öll verkefni sem tækifæri til þess að stuðla að framförum og efla samfélagið.

EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 260 samhentra starfsmanna.

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

HÖFÐABAKKI 9 • 110 REYKJAVÍK • 412 6000 • www.efla.is • ÍSLAND • DUBAI • FRAKKLAND • NOREGUR • SVÍÞJÓÐ • PÓLLAND • TYRKLAND

KONE Dedicated to People Flow

## RAFVIRKJAR og VÉLVIRKJAR

KONE ehf. óskar eftir rafvirkja eða vélvirkja til starfa.

Helstu verkefni eru þjónustueftirlit og viðgerðir á lyftum og rennistigum

Sveinspróf í rafvirkjun eða vélvirkjun er skilyrði.

Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf skal senda á koneisland@kone.com

## Tónlistarskóli Húsavíkur

Tónlistarskóli Húsavíkur auglýsir eftir fjölhæfum tónlistarkennara í 100% starf frá haustinu 2015. Aðalkennslugrein er rytmískur söngur en æskilegt að viðkomandi geti kennt fleiri námsgreinar að sviði rytmískrar tónlistar.
Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 894 9351.
Frestur til að skila umsóknum er til **15. apríl** n.k. og skulu þær sendar á netfang: arni@tonhus.is

**Skólastjóri**

KOPAR

## *Kopar leitar að flottu fólki í eftirfarandi stöður*

**Kopar Restaurant við gömlu höfnina í Reykjavík óskar eftir hressum, duglegum og metnaðarfullum vönum & faglærðum þjónum í hlutastarf.**

Einnig erum við til í að bæta við okkur barþjónum í helgarstarf.

**Þeir sem vilja slást í þennan frábæra hóp okkar hér við gömlu höfnina geta sent okkur línu á koparumsokn@gmail.com**



# Viltu vinna í ferðaþjónustu?

Gray Line

Your Iceland Tour Expert

Gray Line Iceland leitar að drífandi einstaklingum sem búa yfir mikilli þjónustulund. Við bjóðum upp á lifandi, krefjandi og skemmtilegt starfsumhverfi.

### Þjónustustjóri á verkstæði

**Í boði er:**
- 100% starf
- Mjög gott vinnuumhverfi

**Helstu verkefni:**
- Skipulag verkefna á verkstæði
- Viðgerðir og önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Reynsla af verkstjórn
- Reynsla af verkstæðisvinnu
- Þekking á bílum
- Meirapróf
- Hæfni í mannlegum samskiptum

### Bílstjórar – sumarstarf

**Í boði er:**
- 100% starf
- Vaktavinna eða dagvinna
- Næturvinna

**Helstu verkefni:**
- Keyrsla ferðamanna
- Keyrsla flugrútu

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Meirapróf
- Enskukunnátta
- Góð þekking á Íslandi

**Umsóknir berist til:** Elínar Hlífar Helgadóttur, mannauðsstjóra, elin@grayline.is. Umsókn þarf að fylgja kynningarbréf ásamt ferilskrá. **Umsóknarfrestur er til og með 8. apríl.**

*Gray Line Iceland er leiðandi íslenskt ferðaþjónustufyrirtæki í örum vexti. Fyrirtækið er handhafi viðskiptasérleyfis Gray Line Worldwide sem er stærsta skoðunarferðafyrirtæki í heimi. Félagið er ferðaskipuleggjandi, ferðaskrifstofa og hópferðafyrirtæki með starfsemi einkum í skipulögðum dagsferðum með yfir 60 áfangastaði víðs vegar um Ísland. Gray Line á Íslandi á einn yngsta rútubílaflota landsins, 65 hópferðabíla sem taka frá 9 til 71 farþega. Félagið flutti rúmlega 510 þúsund ferðamenn árið 2014 í eigin ferðum. Hjá fyrirtækinu starfa 160 starfsmenn. Fyrirtækið kappkostar að veita góða og persónulega þjónustu við ferðamenn á Íslandi.*

grayline.is *Gray Line Iceland* ***Gæði – Öryggi – Þjónusta***

ÁS STYRKTARFÉLAG

## Garðyrkjufræðingur

óskast til starfa í gróðurhús Bjarkaráss, Stjörnugróf 9. Þar er rekin þjónusta fyrir fatlað fólk. Um er að ræða 100% starf. Staðan er laus nú þegar. Opið er virka daga frá 8.30-16.30.

Gróðurhúsið hefur vottun um lífræna ræktun frá Vottunarstöðinni Túni. Starf garðyrkjufræðings felst í skipulagningu og umsjón með ræktun. Hann þarf einnig að aðlaga verkefni í gróðurhúsi að þörfum fatlaðra starfsmanna í samvinnu við þroskaþjálfa.

Nánari upplýsingar veitir Sigurbjörg Sverrisdóttir í síma 414 0540/414 0560.
Umsókn sendist á essy@styrktarfelag.is eða halla@styrktarfelag.is og þurfa að berast 8.apríl n.k.

Einnig má sækja um á heimasíðu félagsins www.styrktarfelag.is/felagid/atvinna-i-bodi/.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.

ib.is
Fossnesi A, 800 Selfoss
S. 480 8080 netfang ib@ib.is
www.ib.is

Vegna aukinna verkefna vantar okkur
**verkstæðisformann**
á bifreiðaverkstæði okkar á Selfossi.
Áhugasamir hafi samband við Ingimar Baldvinsson
í síma 664 8080.

HS HITASTÝRING hf.
Ármúla 16 108 Reykjavík Sími: 552-2222

*Hitastýring hf. er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu, uppsetningu og þjónustu á hita- og loftræstikerfum, kælikerfum fyrir gagnaver, tölvu og tæknirými, rakakerfum, hússtjórnarkerfum og ýmiskonar iðnaðarsjálfvirkni.*

**Óskum eftir að ráða**
**Kælivélamann**
**Rafvirkja**

**Starfssvið:**
- Reglubundið eftirlit loftræsti- og kælikerfa
- Uppsetning á loftræsti- og kælikerfum
- Viðhald og þjónusta

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði kælitækni og/eða rafvirkjun
- Reynsla af vinnu við kælibúnað æskileg
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Almenn tölvukunnátta

**Nánari upplýsingar gefur Helgi Sverrisson**
**sími: 552-2222 netfang: helgi@hitastyring.is**

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Fjármálasérfræðingur

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir starf fjármálasérfræðings laust til umsóknar. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í fjármála og rekstrarþjónustu skóla- og frístundasviðs. Næsti yfi rmaður fjármálasérfræðings er fjármálastjóri sviðsins.**

Undir skóla- og frístundasvið heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar, starfsemi Námsflokka Reykjavíkur, skólasafnamiðstöðvar og skólahljómsveita. Jafnframt greiðir sviðið framlög til sjálfstætt starfandi dagforeldra, leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla og hefur eftirlit með starfsemi þeirra. Skóla- og frístundasvið þjónustar yfir 20 þúsund börn og fjölskyldur þeirra. Útgjöld sviðsins eru u.þ.b. 37 milljarðar kr. á ári í tæplega 200 rekstrareiningum.

**Helstu verkefni:**
- Áætlanagerð
- Mánaðarleg uppgjör og frávikagreining
- Eftirfylgni til að tryggja að útgjöld séu innan fjárheimilda
- Ýmsar greiningar, útreikningar og svörun fyrirspurna
- Fjárhagslegt eftirlit
- Þróun og samantekt á lykiltölum
- Upplýsingagjöf til stjórnenda og annarra

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólagráða í viðskiptafræði með áherslu á fjármál eða endurskoðun
- Mastersgráða í viðskiptafræði kostur
- Reynsla af vinnu við uppgjör og áætlanagerð æskileg
- Reynsla af lykiltalnagreiningu æskileg
- Góð íslenskukunnátta ásamt færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði, sjálfstæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Skipulagshæfni, nákvæmni og ögun í vinnubrögðum
- Lipurð í samskiptum

Umsókn fylgi starfsferilskrá og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Um laun og starfskjör fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar og viðeigandi stéttarfélag.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. apríl 2015**

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, **www.reykjavik.is/storf**

Nánari upplýsingar veita Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri og Íris Björk Pétursdóttir, deildastjóri í síma 411-1111, netföng: kristjan.gunnarsson@reykjavik.is , iris.bjork.petursdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

Elkem
A Bluestar Company

# ELKEM – Fjármálasvið

**Elkem á Íslandi auglýsir tvö störf á fjármálasviði.** Leitað er að dugmiklum og jákvæðum einstaklingum sem hafa áhuga á að starfa í góðu teymi starfsmanna.

### SÉRFRÆÐINGUR Í FJÁRMÁLATEYMI

**Starfssvið:**
- Vinna með fjarmálateymi Elkem Island
- Þátttaka í mánaðar-, árs- og samstæðuuppgjörum
- Afstemmingar
- Bókanir
- Ráðgjöf við meðferð fjárhagsupplýsinga
- Greining fjárhagsupplýsinga
- Önnur tilfallandi verkefni á fjármálasviði

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvætt viðhorf og hæfni til að vinna í teymi
- Kunnátta og greiningarhæfni í Microsoft Excel
- Háskólamenntun á sviði viðskipta sem nýtist í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku

### GJALDKERI / MÓTTAKA

**Starfssvið:**
- Vinna með fjármála- og mannauðsteymi Elkem Ísland
- Móttaka og símsvörun
- Reikningaumsýsla / greiðslur reikninga
- Önnur tilfallandi verkefni í mannauðs- og fjármálum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvætt viðhorf og hæfni til að vinna í teymi
- Góð tölvukunnátta, þekking á Microsoft office skilyrði
- Menntun sem nýtist í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku

Elkem Ísland kappkostar að starfa í víðtækri sátt við starfsfólk sitt, viðskiptavini, íslenskt samfélag og lífríki náttúrunnar. Með öryggi, fagmennsku og heiðarleika að leiðarljósi leggjum við okkar af mörkum til framleiðslu á hágæða kísilmálmi. Fyrirtækið ber virðingu gagnvart því jafnvægi sem ávallt þarf að ríkja á milli nýtingar og verndunar náttúruauðlinda. Elkem Ísland er hluti af Elkem A/S samsteypunni sem hefur í meira en hundrað ár verið frumkvöðull í tækniþróun í kísiliðnaði og haft frumkvæði að þróun margvíslegra lausna á sviði umhverfismála. Elkem Ísland starfar samkvæmt vottaðri gæða- og umhverfisstjórnun.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl nk.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.**

Umsóknum um störfin þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent

# SÖLUMAÐUR FYRIR VOLVO LÚXUSBÍLA

Vegna aukinnar eftirspurnar leitum við að sölumanni/ráðgjafa í söludeild Volvo lúxusbíla hjá Brimborg.

*Kynntu þér starfið nánar og sæktu um í dag á www.brimborg.is*

*Umsóknarfrestur er til 10. apríl2015.*

brimborg
Öruggur staður til að vera á

# Sölufulltrúi fasteigna

**Meðalstór fasteignasala óskar eftir löggiltum fasteignasala eða sölufulltrúa.**

**Alfarið árangurstengd laun. Hátt skiptihlutfall. Áhugasamnir sendi póst á ilgur@simnet.is.**

# VARMA

*The Warmth of Iceland*

Glófi ehf. leitar að metnaðarfullum einstakling í sölustarf á VARMA ullar- og mokkavörum.

Hæfniskröfur:
- Metnaður, drifkraftur og jákvæðni
- Skipulagshæfni og geta unnið sjálfstætt
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking og/eða reynsla af sölustörfum
- Bílpróf og almenn tölvukunnátta nauðsynleg

Starfsvið/ábyrgð
- Heimsóknir til núverandi viðskiptavina
- Söluferðir út á land bæði dagsferðir og lengri ferðir
- Framsetning í verslunum
- Önnur verkefni er tengjast sölu- og markaðsstarfi
- Starfssviðið er Vesturland, Austurland og Suðurland að Höfuðborgar svæðinu meðtöldu.

Glófi ehf er stærsti framleiðandi á prjóna- og mokkavöru á Íslandi. Aðalvörumerki fyrirtækisins er VARMA the warmth of Iceland. Markmið og áherslur fyrirtækisins er að þróa og nýta íslenskt hráefni sem mest og setja á markaðinn fallegar og vandaðar prjóna- og mokkavörur. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi. Umsvif fyrirtækisins eru í stöðugri aukningu og og leitum við því að einstakling sem hefur áhuga og metnað til að taka þátt í uppbygg- ingu á þessu gamalgróna vörumerki. Sjá einnig www.varma.is og á Facebook undir VARMA the warmth of Iceland

Umsóknir sendist á varma@varma.is fyrir 10. Apríl. Öllum umsóknum verður svarað.

GLÓFI

# Vilt þú EFLAst með okkur í Noregi?

Vegna aukinna umsvifa í Noregi óskar EFLA verkfræðistofa eftir að ráða í eftirtalin störf á starfsstöð EFLU í Osló.

**BYGGINGARVERKFRÆÐINGUR**

Við leitum að einstaklingi með menntun og reynslu á sviði hönnunar burðarvirkja. Helstu verkefni eru hönnun veg- og göngubrúa og annarra samgöngumannvirkja þar sem unnið er náið með samgöngusviði EFLU á Íslandi. Sérstök áhersla er lögð á umfangsmikla reynslu og sterka fagþekkingu þar sem viðkomandi er ætlað að vera faglegur tengiliður við verkkaupa í Noregi og jafnframt taka virkan þátt í áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækisins.

**Hæfniskröfur:**
- Meistaragráða í byggingarverkfræði með áherslu á hönnun burðarvirkja er nauðsynleg.
- Að lágmarki 5 ára starfsreynsla af hönnun brúa og annarra burðarvirkja.

**BYGGINGARVERKFRÆÐINGUR**

Við leitum að einstaklingi með menntun og reynslu í veghönnun og samgöngutækni. Um er að ræða fjölbreytt verkefni við hönnun og ráðgjöf á sviði samgangna þar sem jafnframt unnið er náið með samgöngusviði EFLU á Íslandi.

**Hæfniskröfur:**
- Meistaragráða í byggingarverkfræði með áherslu á samgöngutækni er æskileg.
- Kunnátta á Nova Point og Civil 3D er æskileg.
- Að lágmarki 3 ára starfsreynsla í veghönnun og samgöngutækni.

**BYGGINGARVERKFRÆÐINGUR**

Við leitum að einstaklingi með menntun og reynslu á sviði vatns- og fráveituhönnunar og meðhöndlunar frárennslis. Helstu verkefni eru hönnun vatns- og fráveitukerfa í samgöngutengdum verkefnum í Noregi þar sem unnið er náið með umhverfissviði EFLU á Íslandi.

**Hæfniskröfur:**
- Meistaragráða í byggingarverkfræði með áherslu á vatns- og fráveitukerfi.
- Kunnátta á AutoCAD, Nova Point og Civil 3D er æskileg.
- Að lágmarki 3 ára starfsreynsla í hönnun veitukerfa.

Frekari upplýsingar veitir Ragnar Jónsson framkvæmdastjóri EFLU AS. Netfang: ragnar.jonsson@efla.no.

**Í öll störfin er gerð krafa um góða kunnáttu í norsku, dönsku eða sænsku, skipulags- og samskiptahæfileika, frumkvæði í starfi og sjálfstæð vinnubrögð.**

**Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal berast í gegnum heimasíðu EFLU, www.efla.is/umsokn-um-starf, fyrir 15. apríl næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.**

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem veitir vandaða þjónustu á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. Við lítum á öll verkefni sem tækifæri til þess að stuðla að framförum og efla samfélagið. EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 260 samhentra starfsmanna.

EFLA starfrækir dótturfélagið EFLU AS í Noregi. Félagið í Noregi hefur einkum veitt sérhæfða þjónustu við háspennulínur og önnur verkefni sem lúta að flutningi raforku en um leið þróað þjónustu við aðrar greinar verkfræði. EFLA á sér langa sögu við verkfræðiráðgjöf á norska markaðinum, í orkumálum, iðnaði og nú síðustu ár í samgöngum.

VR FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI 2013

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

HÖFÐABAKKI 9 • 110 REYKJAVÍK • 412 6000 • www.efla.is • ÍSLAND • DUBAI • FRAKKLAND • NOREGUR • SVÍÞJÓÐ • PÓLLAND • TYRKLAND

# *ÓSKUM EFTIR BÓKARA Í FULLT STARF*

Lifandi fyrirtæki með öflugan hóp starfsmanna leitar að nýjum liðsmanni.

## *VERK OG ÁBYRGÐARSVIÐ*
- Innsláttur og merking fjárhagsbókhalds
- Afstemmingar
- Reikningagerð
- Færsla innborgana
- Innheimta
- Ýmis önnur verkefni

## *HÆFNISKRÖFUR*
- Reynsla af færslu bókhalds skilyrði
- Góð tölvukunnátta og þekking á TOK+ eða Axapta kostur en ekki skilyrði
- Skipulagshæfni og nákvæm vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Geta til að vinna undir álagi

Vinsamlegast sendið umsóknina á **atvinna@forlagid.is** fyrir 14. apríl nk. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



FORLAGIÐ
www.forlagid.is

*www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu*




Landsvirkjun

# Við leitum að **sérfræðingum** til að takast á við lífleg og krefjandi verkefni á þróunarsviði

## Virkjanadeild

Starfið felst í umsjón með jarðhitaborunum, borunum á gangnaleið vatnsaflsvirkjana og öðrum verkefnum tengdum jarðhitanýtingu. Viðkomandi þarf að búa að framhaldsmenntun í verkfræði eða sambærilegu námi, auk þess sem reynsla í verkefnastjórn og skýrslugerð nýtist vel í starfinu.

- Háskólamenntun í verkfræði eða sambærilegum greinum, framhaldsnám er skilyrði
- 10 ára reynsla æskileg, þar af 5 ára reynsla af verkefnastjórn og verkefnum á sviði jarðhitanýtingar
- Hæfni í skýrslugerð, verkefnastjórn og kynningu verkefna

## Umhverfisdeild

Unnið er samkvæmt alþjóðlega vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi og felur starfið m.a. í sér vinnu við umhverfisskýrslu, innleiðingu sjálfbærnivísa fyrir vatnsafl og undirbúning sams konar vísa fyrir jarðhita og vindorku. Viðkomandi mun annast verkefnastjórn í fjölbreytilegum umhverfis- og samfélagsverkefnum. Jafnframt mun viðkomandi stuðla að sýnileika umhverfisstefnu og verkefna fyrirtækisins á því sviði með kynningum á íslensku og ensku.

- Háskólamenntun í umhverfisverkfræði, umhverfisstjórn eða skyldum greinum, framhaldsmenntun erlendis er kostur
- Próf í uppeldis- og kennslufræði og verkefnastjórn er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun og vinnu við umhverfisstjórn, gjarnan erlendis
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, bæði á íslensku og ensku
- Frumkvæði og lipurð í mannlegum samskiptum

## Rannsóknadeild

Starfið felur í sér langtímaathuganir á rekstri virkjanakerfis Landsvirkjunar. Viðkomandi mun greina rekstur kerfisins með tilkomu nýrra virkjana og orkusölusamninga. Einnig mun hann meta áhrif ytri þátta, svo sem flutningsnets og þróun orkumarkaðar. Starfið felur í sér vinnu þvert á öll svið fyrirtækisins og krefst mikilla samskipta, sveigjanleika og sjálfstæðra vinnubragða.

- Háskólamenntun í verkfræði, stærðfræði eða sambærilegum greinum, framhaldsnám er skilyrði.
- Þekking á aðgerðarannsóknum, tölvulíkönum og tölfræði.
- Reynsla af vinnu með stór gagnasöfn og forritun.
- Greiningarhæfni og nákvæm vinnubrögð
- Samskiptahæfni og vilji til að vinna í hóp

Sótt er um störfin á vef Capacent, nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Brynjar Már Brynjólfsson á starfsmannasviði Landsvirkjunar (brynjar.mar.brynjolfsson@landsvirkjun.is).
Umsóknarfrestur er til og með 12. apríl nk.

---

Jafnlaunaúttekt PwC 2013

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlaunaúttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um stöðurnar.



# Sharepoint ráðgjafi

Höfum verið beðin um að leita að sérfræðingi á sviði Sharepoint fyrir einn umbjóðenda okkar. Við leitum að traustum og sjálfstæðum einstaklingi, með góða enskukunnáttu, sem þrífst í krefjandi umhverfi.

**Megin verkefni**

- Tæknileg þróun í Sharepoint umhverfi
- Almenn ráðgjöf og þjónusta við Sharepoint notendur um allan heim
- Hönnun, þróun og verkefnastýring stærri sem smærri verkefna
- Þjálfun og þróun á fræðsluefni ásamt aðstoð við notendur

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Minnst 3 ára reynsla í upplýsingatækni
- Góð þekking í Microsoft umhverfi er nauðsynleg
- Þekking/áhugi á rafrænni skjalastjórnun er æskileg
- Þekking á Sharepoint og InfoPath er góður kostur

Viðkomandi þarf að geta ferðast utanlands vegna starfsins.

*Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) og Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 6. apríl nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá.*

***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
▪ ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

» **Ráðningarþjónusta**

# HPLC Sérfræðingur

Framsækið líftæknifyrirtæki á Suðurnesjum óskar eftir að ráða sjálfstæðan og vandvirkan einstakling til starfa á rannsóknarstofu. Um fullt starf er ræða.

## » Starfssvið

- Mælingar á sýnum
- Viðhald á búnaði
- Þróun og gilding mæliaðferða

## » Hæfniskröfur

- Menntun á sviði líffræði, efnafræði eða matvælafræði og/eða reynsla er nýtist í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla af ISO, HA, CCP eða GMP gæðakerfum kostur
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð

**Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl.**

**Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um starfið þar.**




HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# Hótel - Gestamóttaka

**Starfssvið:**
- Almenn gestamóttökustörf á hóteli á höfuðborgarsvæðinu.

**Skilyrði:**
- Reynsla af sambærilegum störfum er skilyrði.
- Reynsla af bókunarvélum og/eða markaðssetningu á netinu.

Hlutastarf er mögulegt fram á sumar en fullt starf í vaktavinnu í sumar !

Um er að ræða vaktavinnu. Góð tölvu- og tungumálakunnátta æskileg og sjálfstæð vinnubrögð.

Hótelið notar Roomer hótelkerfi / Home uppfærsla. Sala á ferðum einnig hluti starfsins.

*Umsóknir sendist á **box@frett.is** merkt: „Gestamóttaka" ásamt ferilskrá, farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.*

# DRIFKRAFTUR ÓSKAST

**Leitum að drífandi og hressum starfskröftum í sumarafleysingar og framtíðarstörf í verslanir okkar á höfuðborgarsvæðinu. Starfið felst í almennum verslunarstörfum og öðrum tilfallandi störfum.**

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af afgreiðslustörfum æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum nauðsynleg
- Áreiðanleiki og jákvæðni nauðsynleg
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð nauðsynleg
- Almenn tölvukunnátta æskileg
- Almenn þekking og áhugi á bílavörum, nauðsynleg

Umsóknum ásamt meðmælum skal skilað á netfangið atvinna@bilanaust.is eða bréflega til Bílanaust, Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík. Merkt „Atvinna" fyrir 10. apríl 2015. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



Bílanaust
Gæði, reynsla og gott verð!

**Sími: 535 9000**
**www.bilanaust.is**

# HEFUR ÞÚ GAMAN AÐ BÍLUM!

BÍLABÚÐ BENNA ÓSKAR EFTIR DRÍFANDI STARFSFÓLKI

## STARFSMAÐUR Á DEKKJAVERKSTÆÐI

**Helstu verkefni:**
- Almenn dekkjaþjónusta

**Hæfniskröfur:**
- Mikil og góð reynsla af dekkjaþjónustu
- Þekking á bílum
- Frumkvæði, eldmóður og vinnusemi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 7.apríl.
Umsókn sendist á olafur@benni.is
Upplýsingar um starfið veitir Ólafur Benediktsson í s: 5902000

## AFGREIÐSLA Á ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

Bílabúð Benna óskar eftir að ráða starfsmann sem sinnir afgreiðslu á þjónustuverkstæði sem og ábyrgðamálum í Ábyrgðadeild. Leitað er að einstaklingi sem er bæði skipulagður og þjónustulundaður

**Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:**
- Þjónusta við viðskiptavini þjónustuverkstæðis
- Reikningagerð, utanumhald og eftirfylgni
- Skráning og úrvinnsla ábyrgðamála
- Samskipti við framleiðendur vegna ábyrgðamála
- Samskipti við þjónustuaðila Bílabúðar Benna

**Hæfniskröfur:**
- Þekking og áhugi á bílum
- Jákvæðni og þjónustulund
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulægni, nákvæmni og vandvirkni
- Vilji til að tileinka sé nýja hluti
- Góð, almenn tölvukunnátta
- Gott vald á ensku

Umsóknarfrestur er til og með 10.apríl.
Umsókn sendist á ivar@benni.is
Upplýsingar um starfið veitir Ívar Ragnarsson í s: 5902000

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum



## Verkefnastjóri teiknistofu

Framkvæmdadeild Akureyrarkaupstaðar óskar eftir að ráða drífandi einstakling í fjölbreytt starf, með áherslu á gerð mæliblaða og viðhalds teiknigrunna, auk annarra verkefna.

**Helstu verkefni eru:**

- Gerð og viðhald mæliblaða.
- Umferðaröryggismál og slysaskráning
- Utanumhald gatnalýsingar
- Umsjón og viðhalds teiknigrunna og korta (Akureyrargrunnur)
- Tilfallandi verkefni Framkvæmdadeildar.

**Menntunar- og/eða hæfniskröfur:**

- Gerð krafa um háskólamenntun í byggingartækni- eða byggingarverkfræði, eða sambærilega menntun sem nýtist í starfi.
- Góð almenn tölvukunnátta þekking og reynsla af teikniforritum s.s. Microstation, Excel.
- Þekking á One system er kostur.
- Þekking og reynsla af mælingartækjum eins og GPS og alstöð og þeim hugbúnaði er þeim fylgir er kostur.
- Hæfni til skipulagningar, nýsköpunnar og innleiðingar nýrra hugmynda og vinnubragða.
- Góð íslensku- og enskukunnátta ásamt einu Norðurlandamáli.
- Færni í mannlegum samskiptum og samstarfsvilji.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Stundvísi og samviskusemi.
- Sveigjanleiki

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.
**Umsóknarfrestur er til og með 13. apríl 2015**

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

---

Landbúnaðarháskóli Íslands

Landbúnaðarháskóli Íslands er leiðandi afl í rannsóknum, kennslu og nýsköpun á sviði náttúruvísinda, auðlinda- og umhverfisfræða og landnýtingar. Rannsóknir eru drifkraftur starfsins. Nemendur fá vandaða og gagnlega menntun, sem byggir á gagnrýnni hugsun, sjálfstæðum vinnubrögðum og færni. Skólinn býður fram kjöraðstæður til náms og starfa. Vísindamenn skólans vinna náið með öðrum háskólum og rannsóknastofnunum að kennslu og rannsóknum. Þjóðfélagið leitar til skólans í ríkum mæli við lausn á aðkallandi viðfangsefnum á fagsviðum hans. Höfuðstöðvar skólans eru á Hvanneyri í Borgarfirði.

# Lektor í umhverfisskipulagi

**Laust er til umsóknar starf lektors í umhverfisskipulagi við umhverfisdeild Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ).**

Um er að ræða fullt starf og er miðað við að það sé veitt frá og með 1. september 2015, eða eftir samkomulagi. Athygli er vakin á því að samkvæmt reglum Landbúnaðarháskóla Íslands er rektor heimilt að veita framgang í starf dósents eða prófessors strax við nýráðningu uppfylli viðkomandi þau skilyrði.

Um meðferð umsókna, mat á hæfi umsækjenda og ráðningu í starfið er farið eftir ákvæðum laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 og reglna um nýráðningar og framgang akademískra starfsmanna við Landbúnaðarháskóla Íslands frá 20. september 2012.

Umsækjendur skulu hafa lokið meistaragráðu eða doktorsgráðu á sviði umhverfisskipulags (t.d. landslagsarkitektúr, skipulagsfræði, arkitektúr, eða hliðstæðum fræðigreinum). Umsækjendur skulu geta sýnt fram á það með námsferli sínum, starfsreynslu og verkum að þeir séu færir um að annast háskólakennslu og rannsóknir á fræðasviðinu. Reynsla og færni í notkun helstu hönnunarforrita og framsetningu efnis er kostur sem horft verður til.

Æskilegt er að umsækjandi búi yfir stjórnunarreynslu og hæfni til að afla styrkja til rannsókna. Krafist er góðrar samstarfshæfni, lipurðar í mannlegum samskiptum, sjálfstæðra vinnubragða auk góðrar hæfni til að miðla eigin kunnáttu. Horft verður til að umsækjendur falli sem best að kennslu- og rannsóknaþörfum umhverfisdeildar LbhÍ.

Kennsla í grunnnámi við LbhÍ fer að jafnaði fram á íslensku í samræmi við málstefnu skólans. Ef móðurmál viðkomandi er ekki íslenska er ætlast til að hann hafi öðlast næga færni til að nota íslensku við kennslu innan þriggja ára frá því að hann hefur störf.

Launakjör eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Aðalstarfsstöð Landbúnaðarháskólans er á Hvanneyri, en aðrar meginstarfsstöðvar eru á Keldnaholti í Reykjavík og að Reykjum í Ölfusi. Kennsla sú sem fellur undir umrætt starf fer fram á Hvanneyri.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hlynur Óskarsson deildarforseti umhverfisdeildar í síma 433 5000 eða tölvupósti hlynur@lbhi.is

**Umsóknarfrestur er til 1. maí 2015.**
Umsóknir sendist til Landbúnaðarháskóla Íslands b/t Kristín Siemsen Ásgarði – 311 Hvanneyri eða í tölvupósti kristins@lbhi.is. Umsækjendur skulu láta fylgja umsókn sinni gögn um námsferil, fræða- og kennslustörf svo og önnur störf. Með umsókn skulu einnig fylgja eintök af þeim fræðilegu gögnum sem þeir óska að tekið sé tillit til.

Landbúnaðarháskóli Íslands áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Auglýsing getur gilt í allt að sex mánuði.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

---

thekking.is

## Ert þú að leita að spennandi tækifæri innan upplýsingatækninnar ?

**Við viljum bæta við Þekkingu og erum að leita að dugmiklum starfsmönnum til að styrkja flest svið fyrirtækisins.**

- **UNIX/LINUX KERFISSTJÓRI**
- **SÉRFRÆÐINGUR Í KERFISREKSTRI**
- **SÉRFRÆÐINGUR Á LAUSNASVIÐ**
- **SÖLURÁÐGJAFI**



Ítarlegar upplýsingar um störfin er að finna á heimasíðunni okkar
**thekking.is**

Þekking er ört vaxandi fyrirtæki sem sinnir alhliða þjónustu á sviði upplýsingatækni; s.s. hýsingu, notendaþjónustu og rekstri tölvukerfa. Við erum með starfstöðvar bæði á Akureyri og í Kópavogi og vinna um 30 manns á hvorum stað. Það er ansi mikið að gera hjá okkur þessa dagana og því veitir ekki af liðsauka. Ef þú hefur áhuga á að starfa í lifandi umhverfi þar sem tækifærin finnast á hverju horni ættirðu að hafa samband.

Umsóknir sendist á netfangið **atvinna@thekking.is** merkt „Umsókn um starf" ásamt heiti þess starfs sem sótt er um.

Konur eru sérstaklega hvattar til að sækja um ofangreind störf en lögð er rík áhersla á að fjölga kvenfólki innan okkar starfsmannahóps.

Gerð er krafa um hreina sakaskrá umsækjenda.

ÞEKKING
Tölvudeildin þín

Rannsóknasvið

LANDSPÍTALI

## MANNAUÐSRÁÐGJAFI

*Við leitum að öflugum mannauðsráðgjafa til krefjandi starfa í skemmtilegu og síbreytilegu umhverfi. Viðkomandi heyrir undir framkvæmdastjóra sviðsins og starfar náið með starfsfólki sviðsins og mannauðsdeild Landspítala.*

**Verkefni og ábyrgð**

- Veitir stjórnendum og öðru starfsfólki ráðgjöf og aðstoð við mannauðsstjórnun
- Stuðlar að samhæfingu í stjórnun mannauðs í samræmi við mannauðsstefnu spítalans og áherslur sviðsins
- Þátttaka í umbótum og stjórn breytinga

**Hæfni**

- Faglegur metnaður og ábyrgð í starfi
- Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Hæfni til að vinna í teymi
- Sjálfstæði, frumkvæði og lausnamiðuð nálgun
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Menntun og/eða starfsreynsla á sviði mannauðsstjórnunar

Um fullt starf er að ræða og laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Við ráðningar er ávallt tekið mið af jafnréttisstefnu Landspítala.

Sótt er um starfið rafrænt á landspitali.is, undir „Laus störf". Öllum umsóknum verður svarað.

**Umsóknarfrestur er til og með 13. apríl 2015.**

Nánari upplýsingar veitir Óskar Sesar Reykdalsson, framkvæmdastjóri (oskarrey@landspitali.is, 868 1488).

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, skilvirka verkferla, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

Akraneskaupstaður

## Laus störf hjá Akraneskaupstað

**Eftirfarandi störf eru laus til umsóknar:**

- Störf deildarstjóra í Leikskólanum Akraseli
- Störf leikskólakennara í Leikskólanum Akraseli
- Störf hjá íþróttamannvirkjum Akraneskaupstaðar

Sótt er um rafrænt á heimsíðu Akraneskaupstaðar á þar til gerðu eyðublaði.

Nánari upplýsingar er að finna á **www.akranes.is**

## MÖTUNEYTI

Skólamatur leitar að jákvæðum, sveigjanlegum og barngóðum einstaklingum til starfa í mötuneyti sín á höfuðborgarsvæðinu.

Um er að ræða hlutastörf í afleysingar í Hafnarfirði, Kópavogi og Garðabæ.

Umsóknir og fyrirspurnir berist á **fanny@skolamatur.is**

skolamatur@skolamatur.is
skolamatur.is | Sími 420 2500

SKÓLA MATUR
Holt, gott og heimilislegt



# Staða sóttvarnalæknis laus til umsóknar

Embætti landlæknis auglýsir stöðu sóttvarnalæknis lausa til umsóknar. Um starf sóttvarnalæknis fer samkvæmt lögum nr. 19/1997 með síðari breytingum, reglugerðum og öðrum lögum eftir því sem við á.

Embætti landlæknis ber ábyrgð á framkvæmd sóttvarna undir yfirstjórn ráðherra. Við embættið skal starfa sóttvarnalæknir sem ber ábyrgð á sóttvörnum. Umsækjandi um stöðu sóttvarnalæknis skal hafa sérfræðimenntun í læknisfræði, þekkingu á smitsjúkdómum og faraldsfræði þeirra og stjórnunarreynslu. Leitað er að einstaklingi með góða samskipta- og leiðtogahæfileika.

**Hlutverk sóttvarnalæknis er meðal annars eftirfarandi:**

- Að bera ábyrgð á framkvæmd sóttvarna og almennum og opinberum sóttvarnaráðstöfunum, þar með talið ráðstöfunum vegna heilsufarslegra afleiðinga sýkla, eiturefna og geislavirkra efna og annarra bráðra heilsufarsógna.
- Að vera landstengiliður vegna alþjóðaheilbrigðisreglugerðar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.
- Að skipuleggja og samræma sóttvarnir og ónæmisaðgerðir um land allt, m.a. með útgáfu leiðbeininga um viðbrögð við farsóttum.
- Að halda smitsjúkdómaskrá til að fylgjast með útbreiðslu smitsjúkdóma.
- Að halda skrá um notkun manna á sýklalyfjum sem valdið geta ónæmi sýkla gegn sýklalyfjum.
- Að koma upplýsingum um útbreiðslu smitsjúkdóma, innanlands sem utan, til lækna og annarra heilbrigðisstarfsmanna.
- Að vera læknum og öðrum sem við sóttvarnir fást til ráðgjafar.
- Að hafa umsjón með forvörnum gegn smitsjúkdómum, m.a. með upplýsingum og fræðslu til almennings.

Vakin er athygli á því að skipulag og verkaskipting stjórnsýslustofnana velferðarráðuneytisins kann að koma til endurskoðunar í náinni framtíð, meðal annars í þeim tilgangi að efla heilbrigðisþjónustu og forvarnir. Það kann að leiða til þess að breytingar verði gerðar á starfsemi Embættis landlæknis.

Ráðið verður í starfið frá 1. september 2015. Um kjör sóttvarnalæknis fer samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra.

Landlæknir hvetur konur, jafnt sem karla, til að sækja um starf sóttvarnalæknis.

Upplýsingar um starfið veitir Birgir Jakobsson landlæknir (birgir@landlaeknir.is ) í síma 510 1900.

Umsóknarfrestur er til og með **1. maí 2015.** Með umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Umsóknir skulu sendar til Embættis landlæknis, Barónsstíg 47, 101 Reykjavík eða á netfangið mottaka@landlaeknir.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Embætti landlæknis
Directorate of Health

Barónsstíg 47 - 101 Reykjavík - Sími 5101900 - Bréfasími 5101919 - mottaka@landlaeknir.is - www.landlaeknir.is

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Haf- og fiskirannsóknir í þágu þjóðar

## Stöður sérfræðinga

Hafrannsóknastofnun auglýsir þrjár stöður sérfræðinga. Um er að ræða eina stöðu sérfræðings í uppsjávarfiskum með áherslu á bergmálsmælingar og stofnmat, og tvær stöður sérfræðinga í botnfiskum með áherslu á líffræði og stofnmat. Störfin eru fjölbreytt og krefjandi framtíðarstörf þar sem umsækjendum er ætlað að stýra rannsóknum á ofangreindum sviðum. Starfsstöð er í Reykjavík.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Meistara- eða doktorspróf í fiskifræði/sjávarlíffræði
- Reynsla af rannsóknavinnu og stofnstærðarútreikningum
- Reynsla af notkun gagnagrunna og gagnaúrvinnslu
- Góð þekking í tölfræði og stærðfræði
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð í starfi
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymisvinnu
- Gott vald á íslensku og ensku og hæfni til að miðla upplýsingum

Um er að ræða fullt starf og eru laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og viðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl n.k.**

Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun, starfsreynslu og nöfnum tveggja meðmælenda skal senda á póstfangið hafro@hafro.is.
Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um störfin.

**Nánari upplýsingar veitir Ólafur S. Ástþórsson (osa@hafro.is, sími 5752000), aðstoðarforstjóri rannsókna.**

Hafrannsóknastofnun er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og fiskirannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafsins. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur 5 útibú, tilraunaeldisstöð í eldi sjávarlífvera, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 140-150 starfsmenn í þjónustu sinni.



## Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar

Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar óskar eftir að ráða sálfræðing í sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla til starfa frá 15. ágúst n.k. eða eftir samkomulagi. Starfið er á sviði sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla.

**Helstu verkefni eru:**
- Greiningar einstakra nemenda vegna frávika í hegðun og/eða þroska.
- Ráðgjöf til foreldra og kennara.
- Samþætting verkefna og þróunarvinna á Fjölskyldudeild.

**Hæfniskröfur eru:**
- Réttindi til að starfa sem sálfræðingur á Íslandi.
- Haldgóð þekking á greiningu leik- og grunnskólabarna og ráðgjöf vegna þeirra.
- Reynsla af starfi skólasálfræðings er æskileg.
- Góð samskiptahæfni.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri,is þar sem sótt er um rafrænt.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl 2015.**

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

## Snyrtifræðingar og nuddarar athugið

**Langar þig að vinna sjálfstætt og skapa þínar eigin tekjur.**

Snyrti og heilsustofa miðsvæðis í Reykjavík er með laust herbergi til leigu.
Þægilegt og gott vinnuumhverfi með mikla möguleika.
Fullum trúnaði heitið.

**Áhugasamir vinsamlegast sendið umsóknir á box@frett.is merkt „Sjálfstætt-2803“**

## ARKITEKTAR – HÖNNUÐIR

Vegna endurskipulags á rótgróinni arkitektastofu, í eigin húsnæði í miðborginni, verða nokkrar vinnustöðvar lausar.

Hafi einhver hug á að komast inn á stofuna og tengjast e.t.v. rekstri hennar síðar eru veittar upplýsingar í síma 510 2200 og 893 5435.

## Bílstjóri í sumarstarf

Pósturinn í Reykjavík óskar eftir meiraprófsbílstjóra í sumarafleysingar. Óskað er eftir jákvæðum einstaklingi með ríka þjónustulund sem á auðvelt með samskipti.

Starfið felst í dreifingu pósts á höfuðborgarsvæðinu og skilyrði eru stundvísi og áreiðanleiki.

**Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2015.**

Umsóknum skal skilað á www.postur.is og nánari upplýsingar veitir Samúel Jónsson í síma 580 1245 eða í netfanginu samuelj@postur.is.

PÓSTURINN



## REKSTRARFULLTRÚAR
(2 STÖÐUGILDI)

**Helstu verkefni:**
- Kostnaðareftirlit og greiningarvinna á rekstri stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins
- Úrvinnsla fjárhags- og tölfræðiupplýsinga og skýrslugerð
- Undirbúningur og úrvinnsla gagna í tengslum við fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins
- Ráðgjöf og aðstoð við stjórnendur við gerð fjárhagsáætlana
- Vinna við gerð uppgjara og ársreikninga
- Aðstoð við forstöðumenn stofnana varðandi fjármálalegar upplýsingar
- Umsjón með eignakerfi bæjarins
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf á sviði viðskipta og/eða rekstrar
- Þekking og reynsla á Navision bókhaldskerfi nauðsynleg
- Haldbær reynsla af greiningarvinnu og gerð reiknilíkana
- Framúrskarandi tölvuþekking einkum í excel
- Góð samskiptahæfni, sjálfstæði í vinnubrögðum auk hæfileika til að taka þátt í teymisvinnu
- Gagnrýnin og lausnamiðuð hugsun

Störfin heyra undir sviðsstjóra fjármálasviðs. Upplýsingar um ofangreint starf veitir Þórey I. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs (thorey.i.gudmundsdottir@reykjanesbaer.is)

Launakjör ofangreindra starfa eru skv. kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um. Umsóknarfrekstur er til og með 13. apríl 2015. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjanesbæjar www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/lausstorf. Með umsóknum um störfin þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

## Lipur í akstri?

strætó.is

**Finnst þér gaman að keyra stóra bíla og taka á móti fjölbreyttum hópi farþega? Þá er þetta starfið fyrir þig.**

Strætó bs. óskar eftir þjónustuliprum og ábyrgum einstaklingum í starf vagnstjóra. Starfið felur í sér akstur á höfuðborgarsvæðinu og þjónustu við viðskiptavini Strætó.

Umsækjendur eiga möguleika á styrk til að taka D-próf ef aukin ökuréttindi vantar. Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Aukin ökuréttindi (D-próf) og hreint sakavottorð
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Samviskusemi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Íslenskukunnátta er æskileg

Starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Strætó bs. og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

**Umsjón með ráðningum hefur Sigurborg Þórarinsdóttir**
Umsóknir skulu fylltar út og sendar inn á straeto.is. Umsóknarfrestur er til og með 12. apríl 2015. Nánari upplýsingar veitir Sigurborg Þórarinsdóttir (sigurborg@straeto.is).

Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið.

# SPENNANDI STARFSNÁM

ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

### Starfslýsing
Markmið starfsnámsins er að gefa ungu fólki sem er að hefja sinn starfsferil færi á að afla sér reynslu og kynnast því fjölbreytta starfi sem unnið er í alþjóðlegri markaðssetningu hjá Íslandsstofu. Um er að ræða sjö mánaða tímabil frá júní til janúar 2016. Miðað er við fullt starfsnám yfir sumarið en síðan um 40% starfsnám sem hentar vel með námi í haust.

### Hæfniskröfur
- Umsækjandi þarf að vera í háskólanámi sem tengist störfum Íslandsstofu á sviði ferðaþjónustu og skapandi greina
- Reynsla af fjölmiðlum, almannatengslum eða alþjóðlegri markaðssetningu æskileg
- Góð kunnátta í íslensku og ensku, önnur tungumálakunnátta er æskileg
- Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- Góð þekking á Íslandi
- Fyrirtaks námsferill og einkunnir

### Upplýsingar
Nánari upplýsingar veitir Ragnheiður Sylvía Kjartansdóttir, verkefnisstjóri, ferðaþjónustu og skapandi greina, **ragnheidur@islandsstofa.is**

Umsóknum skal skila rafrænt á **islandsstofa@islandsstofa.is** fyrir 14. apríl 2015.

BÍLASTOÐ
réttingar & sprautun

## Óskum eftir Bílamálara
**eða vönum manni í bílamálun.**

**Verður að geta starfað sjálfstætt**

**Upplýsingar í síma 564 0606**
**eða bilastod@simnet.is**

## Geturðu GERT þetta?

**Óskað eftir áhugasömum meistaranema í starfsnám**

Starfið felst meðal annars í því að tengja saman skóla og fyrirtæki og aðstoða við að þróa leiðir að samstarfi sem getur nýst nemendum um ókomna framtíð, setja upplýsingar og fróðleik á aðgengilegt form á vefsíðu GERT og hvetja til miðlunar upplýsinga. Þetta er tækifæri fyrir áhugasaman einstakling til að tengja saman eigið nám við fjölbreytt starf.

GERT (Grunnmenntun efld í raunvísindum og tækni) er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Markmið verkefnisins er að efla áhuga nemenda á raunvísindum og tækni og virkja atvinnulíf og skóla í því skyni.

**Umsóknir og frekari upplýsingar á:** www.gert.menntamidja.is

**Umsóknarfrestur til 7. apríl.**

GERT

SAMTÖK IÐNAÐARINS
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
MENNTA OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI



Eld smiðjan

## VILT ÞÚ VERÐA ELDSMIÐUR?
AÐSTOÐARVEITINGASTJÓRI ÓSKAST

Okkur vantar harðduglegan aðstoðarveitingastjóra á Suðurlandsbraut í 100% vaktavinnu.

Við leitum að konum jafnt sem körlum, eldri en 25 ára, sem hafa gaman af fólki og góðum mat. Viltu vinna hjá traustu fyrirtæki með einstakan starfsanda? Hikaðu þá ekki við að sækja um.

umsokn.foodco.is — atvinna@foodco.is



Veðurstofa Íslands

# Bókasafns- og upplýsingafræðingur með áherslu á skjalastjórnun

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða bókasafns- og upplýsingafræðing sem ber ábyrgð á skjalastjórnun Veðurstofunnar ásamt því að halda utan um viðamikið skjala- og bókasafn. Viðkomandi mun starfa í upplýsingaveituhópi Veðurstofunnar sem er hluti af Fjármála- og rekstrarsviði.

**Hlutverk**
Skjalastjóri ber ábyrgð á að framfylgja skjalastefnu Veðurstofunnar og ber að tryggja að skjala- og upplýsingastjórnun sé í samræmi við lög og reglugerðir. Skjalastjóri mótar verklag og útbýr skjalavistunaráætlun og sér um pökkun og frágangi eldri pappírsgagna til Þjóðskjalasafns. Skjalastjóri leiðbeinir starfsfólki og sér um kennslu, þjálfun og eftirfylgni í skjala- og upplýsingamálum og við notkun á rafrænu kerfi.

Veðurstofan rekur stórt skjala- og bókasafn sem þjónar bæði starfsmönnum og utanaðkomandi gestum. Viðkomandi hefur yfirumsjón með þessu safni og felst hún m.a. í því að annast innkaup rita og ábyrgjast skráningu, varðveislu, skipulag og miðlun safnkosts stofnunarinnar. Einnig veitir viðkomandi upplýsingaþjónustu og útvegar efni frá innlendum og erlendum söfnum.

**Menntun og hæfniskröfur**
- Háskólapróf í Bókasafns- og upplýsingafræði með áherslu á skjalastjórnun er skilyrði auk farsællar starfsreynslu á því sviði
- Frumkvæði, hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Hæfni til að miðla upplýsingum og leiðbeina öðrum
- Kunnátta í að setja upp ritaskrá
- Leyfi til skráningar í Gegni er kostur
- Kunnátta í skjalastjórnunarkerfinu CoreData er kostur
- Þekking á uppbyggingu og viðhaldi málalykils er nauðsynleg
- Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um störfin veita **Hafdís Karlsdóttir**, framkvæmdastjóri Fjármála- og rekstrarsviðs (**hafdis@vedur.is**) og **Borgar Ævar Axelsson**, mannauðsstjóri (**borgar@vedur.is**) í síma **522 6000**.

Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl nk.**

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Veðurstofu Íslands undir **www.vedur.is/um-vi/laus-storf** eða á **www.starfatorg.is.**

*Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 130 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 120 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e.* ***lofti, vatni, jörð, snjó, jöklum og hafi****. Starfsemin fer fram á fjórum sviðum:* ***Eftirlits- og spásviði, Fjármála- og rekstrarsviði, Athugana- og tæknisviði og Úrvinnslu- og rannsóknasviði****. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar* ***www.vedur.is***

*Gildi Veðurstofunnar eru* ***þekking, áreiðanleiki, framsækni og samvinna****. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.*



www.vedur.is
522 6000

Egill Árnason

## Sölufulltrúi óskast í verslun

Egill Árnason ehf. leiðandi gólfefnafyrirtæki á íslenskum markaði óskar eftir sölufulltrúa

Egill Árnason er fjölskyldufyrirtæki sem byggir á áratuga reynslu og þekkingu á sínum markaði. Hjá fyrirtækinu starfar einvala lið sérfræðinga á sínu sviði sem hafa það að markmiði að veita framúrskarandi þjónustu við sölu á hágæða vörum.

Hæfniskröfur
-Yfirburðar þjónustulund.
-Vilji til að fara fram úr væntingum viðskiptavina.
-Skipulags hæfileikar og stundvísi.
-Almenn tölvukunnátta.

Um er að ræða starf þar sem að lögð er áhersla á þjónustulund og sveigjanleika. Vinnutími er frá 9-18 virka daga og annan hvern laugardag frá 11-15.

Nánari upplýsingar veitir Ásgeir Einarsson í síma 595 0500.

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál

Umsóknir óskast sendar á ae@egillarnason.is eða á Egill Árnason ehf, Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavik.

Skjólverk
Byggingaverktakar

## SMIÐIR ÓSKAST

Skjólverk ehf. óskar eftir að ráða verkstjóra/húsasmið og smiði í fjölbreytt verkefni.
Við leitum að einstaklingum sem

- **Geta unnið sjálfstætt**
- **Hafa metnað í starfi**
- **Hafa frumkvæði**
- **Geta unnið í hóp**

Skjólverk ehf. var stofnað árið 1987 og er alhliða byggingarverktaki sem tekur að sér allar tegundir af viðhaldi fyrir einstaklinga, félög og fyrirtæki.

Upplýsingar um störfin gefur Sverrir Tryggvason
í síma 898-4520
Umsókn með ferilsskrá skal sendast á
skjolverk@skjolverk.is




Fjölsmiðjan

## Fjölsmiðjan auglýsir eftir framhaldsskólakennara

Fjölsmiðjan á Höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða framhaldsskólakennara . Um er að ræða 100% starf. Skilyrði er að viðkomandi hafi kennsluréttindi á framhaldsskólastigi og reynslu af vinnu með nemendum sem eiga við fjölþættan vanda að stríða. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu og þekkingu af tónlist.

Starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur rennur út 20. apríl.**
Allar frekari upplýsingar veita Þorbjörn Jensson forstöðumaður í síma 571-2780 tj@fjolsmidjan.is eða Sólveig Þrúður Þorvaldsdóttir í síma 571-2781 solveig@fjolsmidjan.is

Umsóknir ásamt afritum af prófskírteinum sendist á netfangið **tj@fjolsmidjan.is** eða á **Víkurhvarf 2, 203 Kópavogur.**

Barnaverndarstofa

Barnaverndarstofa er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir yfirstjórn velferðarráðherra. Barnaverndarstofa annast stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til. Stofan skal vinna að samhæfingu og eflingu barnaverndarstarfs í landinu. Meginverkefni Barnaverndarstofu greinast í tvö svið. Annars vegar margvísleg viðfangsefni sem lúta að starfsemi barnaverndarnefnda sveitarfélaga. Hins vegar yfirumsjón og eftirlit með rekstri sérhæfðrar þjónustu og úrræða fyrir börn. Sjá nánar á www.bvs.is

## Fjármála – og mannauðsstjóri

**Barnaverndarstofa óskar eftir að ráða fjármála- og mannauðsstjóra. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf.**

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Áætlanagerð
- Kostnaðareftirlit
- Yfirumsjón með bókhaldi
- Samningsgerð
- Þróun og stjórn mannauðsmála

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun er skilyrði
- Reynsla af fjármálastjórnun
- Góð bókhalds og Excel-kunnátta
- Mjög góð samskiptafærni
- Reynsla og áhugi á mannauðsmálum
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð

**Umsóknarfrestur er til og með 13. apríl n.k.** Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst. Um er að ræða fullt starf sem heyrir beint undir forstjóra Barnaverndarstofu. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum ríkisins. Nánari upplýsingar veita: Bragi Guðbrandsson, bragi@bvs.is og Erla S. Jensdóttir, erla@bvs.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir óskast sendar til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík eða á netfangið bvs@bvs.is. Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi þar sem fram koma helstu upplýsingar um færni í starfi.

Allar umsóknir gilda í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests ef starf losnar að nýju.

## SÉRFRÆÐINGAR Í VETTVANGS-ATHUGUNUM

**Vettvangs- og verðbréfaeftirlitssvið leitar að öflugum sérfræðingum með góða greiningar- og samskiptahæfni**

Lausar eru stöður tveggja sérfræðinga við vettvangsathuganir á vettvangs- og verðbréfaeftirlitssviði Fjármálaeftirlitsins. Sviðið annast vettvangsathuganir, verðbréfamarkaðseftirlit og samtímarannsóknir þvert á þá markaði sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með. Vettvangsteymi sviðsins aflar upplýsinga og gagna með sjálfstæðri skoðun á vettvangi þar sem athuganir geta m.a. beinst að tilteknum afmörkuðum þáttum í starfsemi eftirlitsskyldra aðila eða heildarathugunum hjá einstökum aðilum. Leitað er að sérfræðingum með ríka greiningarhæfni og góða samskiptahæfni.

### Helstu verkefni og ábyrgð
- Undirbúningur og framkvæmd vettvangsathugana
- Greining gagna og skýrslugerð
- Verkefnastjórnun
- Þátttaka í innlendu samstarfi
- Þátttaka í innra starfi Fjármálaeftirlitsins
- Önnur tilfallandi verkefni

### Hæfnikröfur
- Viðeigandi háskólapróf, t.d. viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði
- Viðeigandi reynsla af störfum á fjármálamarkaði skilyrði
- Reynsla af eftirlitsstörfum kostur
- Rík greiningarhæfni og færni til að tjá sig í ræðu og riti er nauðsynleg
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði, metnaður og góð samskiptahæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.
Frekari upplýsingar veita Rúna Malmquist, forstöðumaður vettvangsathugana á vettvangs- og verðbréfaeftirlitssviði (runa@fme.is) og Árni Ragnar Stefánsson, mannauðsstjóri (arni@fme.is). Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is eða á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 13. apríl nk. Umsóknum um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Dagdeild skurðlækninga

LANDSPÍTALI

# HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

*Öflugur hjúkrunarfræðingur óskast á dagdeild skurðlækninga 13D við Hringbraut. Deildin annast dagdeildarþjónustu við sjúklinga sem fara í minni háttar aðgerðir, s.s. þvagfæra- og augnaðgerðir og aðgerðir á kviðarholi. Einnig er tekið á móti sjúklingum í undirbúning fyrir aðgerðir sem krefjast lengri legutíma og sjúklingum sem koma frá slysadeild til aðgerðar á skurðstofum við Hringbraut. Deildin er opin 7-19 alla virka daga.*

Hæfni

- Sjálfstæði og frumkvæði
- Jákvæðni og sveigjanleiki
- Góð samskiptahæfni
- Hæfni og vilji til að starfa í breytilegu umhverfi
- Starfsreynsla á skurðsviði nauðsynleg
- Íslenskt hjúkrunarleyfi skilyrði

Um fullt starf er að ræða og laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Við ráðningar er ávallt tekið mið af jafnréttisstefnu Landspítala.

Sótt er um starfið rafrænt á landspitali.is, undir „Laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað.

**Umsóknarfrestur er til og með 13. apríl 2015**

Nánari upplýsingar veitir Hrafnhildur L. Baldursdóttir, deildarstjóri (hrafnhba@landspitali.is, 825 3728).

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, skilvirka verkferla, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*



FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is

## Atvinna - Fasteignasali

Fasteignasalan Bær getur bætt við sig fasteignasölum eða sölufulltrúum með reynslu.

Umsóknir sendast á beggi@fasteignasalan.is s. 512 3400 og Snorri@fasteignasalan.is

**Fasteignasalan Bær - Ögurhvarfi 6, Kópavogi.**






Vegna góðrar verkefnastöðu leitar Batteríið Arkitektar nú að fleiri frábærum arkitektum og byggingarfræðingum - (barma) fullum af sköpunargleði og athafnaþrá. Kunnátta í einhverju norðurlandatungumála er æskileg auk haldgóðrar þekkingar á helstu tölvuforritum.
Á Batteríinu Arkitektum vinnur skemmtilegt fólk við skemmtileg verkefni í nýjum húsakynnum með fögru útsýni við Hvaleyrarlónið í Hafnarfirði.
Ef þú vilt komast í þennan hóp sendu okkur umsókn með ferilskrá og verkefnamöppu fyrir þann **15.4.2015** á netfangið **sig.h@arkitekt.is** og við skoðum þig.





# Jarðverkfræðingur og tækniteiknari

Vegna vaxandi umsvifa viljum við bæta við okkur jarðverkfræðingi og tækniteiknara.

## Jarðverkfræðingur

Leitað er að jarðverkfræðingi eða starfsmanni með sambærilega menntun sem:
- Hefur lokið framhaldsnámi (M.Sc.).
- Hefur góða kunnáttu í norsku eða öðru skandinavísku tungumáli, bæði skriflega og munnlega.

Starfsreynsla er æskileg en ekki skilyrði.

Starfið felst m.a. í hönnun, eftirliti og almennri ráðgjöf við jarðtækni, grundun mannvirkja, bergtækni og jarðfræði.

## Tækniteiknari

Leitað er að tækniteiknara í fullt starf, einstaklingi sem hefur mjög góða kunnáttu í AutoCad og tengdum forritum. Þekking á Microstation og starfsreynsla við tækniteiknun er æskileg en ekki skilyrði. Kunnátta í a.m.k. einu skandinavísku tungumáli er kostur.

Starfið felst m.a. í teiknivinnu og annarri aðstoð við og hönnuði vega-, gatna- og fráveitukerfa og einnig landslagsarkitekta.

**Hægt er að sækja um störfin með því að senda tölvupóst á netfangið umsokn@vso.is merktan *Jarðverkfræðingur* eða *Tækniteiknari*, fyrir 13. apríl.**



*VSÓ Ráðgjöf er eitt af rótgrónustu verkfræðifyrirtækjum landsins og vinnur að verkefnum jafnt á Íslandi sem erlendis. Starfsmenn VSÓ eru nú um 70 og sinna alhliða ráðgjöf vegna hverskonar mannvirkjagerðar, skipulags og umhverfismála.*

**www.vso.is**

VSÓ RÁÐGJÖF
STOFNAÐ 1958

## BASALT ARKITEKTAR ÓSKA EFTIR AÐ RÁÐA ARKITEKT OG BYGGINGAFRÆÐING

Eftirfarandi er haft til hliðsjónar við mat á umsóknum:

### ARKITEKT:

- Fullnaðarpróf í arkitektúr.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Starfsreynsla.
- Góð þekking á teikniforritum, bæði í tvívídd og þrívídd, reynsla af Bentley Microstation/BIM er kostur.

### BYGGINGAFRÆÐINGUR:

- Fullnaðarpróf í byggingafræði.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Starfsreynsla / reynsla af húsasmíði er kostur.
- Góð þekking á teikniforritum, bæði í tvívídd og þrívídd, reynsla af Bentley Microstation/BIM er kostur.

### UPPLÝSINGAR UM BASALT ARKITEKTA MÁ FINNA Á: WWW.BASALT.IS

- Áhugasamir vinsamlegast sendi ferilskrá ásamt sýnishornum af verkum rafrænt á svar@basalt.is (max 10 mb).
- Vinsamlegast einskorðið samskipti við tölvupóst.
- Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl nk.
- Öllum umsóknum verður svarað.
- Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

basalt



## Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Fjármála- og mannauðsstjóri | Barnaverndarstofa | Reykjavík | 201503/330 |
| Umsjónarmaður Jónshúss | Alþingi | Kaupm.höfn | 201503/329 |
| Framhaldsskólakennarar | Menntaskólinn að Laugarvatni | Laugarvatn | 201503/328 |
| Teymisstjóri | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Keflavík | 201503/327 |
| Lögreglumenn, sumarafleysingar | Lögreglan á Vestfjörðum | Vestfirðir | 201503/326 |
| Skrifstofumaður | Landspítali, fjármálasvið | Reykjavík | 201503/325 |
| Lögreglumenn, sumarafleysingar | Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra | Norðurl. eystra | 201503/324 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, dagdeild skurðlækninga | Reykjavík | 201503/323 |
| Yfirlæknir og heilsugæslulæknir | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Vestfirðir | 201503/322 |
| Lyflæknir og deildarlæknir | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201503/321 |
| Hjúkrunardeildarstjóri | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Hvammstangi | 201503/320 |
| Héraðsdýralæknir Austurumd. | Matvælastofnun | Egilsstaðir | 201503/319 |
| Lektor í umhverfisskipulagi | Landbúnaðarháskóli Íslands | Hvanneyri | 201503/318 |
| Lækna- eða heilbr.ritari, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201503/317 |
| Lektor í áhrifaþáttum heilbrigðis | Háskóli Íslands, Menntavísindasvið | Reykjavík | 201503/316 |
| Lektor í hjúkrunarfræði | Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201503/315 |
| Lögfræðingur | Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum | Vestm.eyjar | 201503/314 |
| Sérfræðingur í vettvangsath. | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201503/313 |
| Aðstoðarskólameistari | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201503/312 |
| Mannauðsráðgjafi | Landspítali, rannsóknarsvið | Reykjavík | 201503/311 |
| Sóttvarnarlæknir | Embætti landlæknis | Reykjavík | 201503/310 |
| Framhaldsskólakennari | Menntaskólinn í Kópavogi | Kópavogur | 201503/309 |
| Sjúkraliði | Landspítali, meltinga- og nýrnadeild | Reykjavík | 201503/308 |
| Skrifstofumaður | Sýslumaðurinn á Suðurlandi | Höfn | 201503/307 |



# Spennandi tækifæri hjá vaxandi fyrirtæki

Differentiate with Betware's Lottery Platform

### Kerfisstjóri *(System Administrator)*

Skipulagður einstaklingur sem hefur yfirumsjón með kerfi í rekstri þar sem hár uppitími á kerfum viðskiptavina okkar er mikilvægur. Kerfisstjóri vinnur einnig náið með þróunarteymum Betware og er hluti af kerfisstjórateymi fyrirtækisins. Reynsla af rekstri á Linux/Unix kerfum er nauðsynleg í þessu starfi.

### Hugbúnaðarprófari *(Software Tester)*

Skipulagður einstaklingur með brennandi áhuga á hugbúnaðarprófunum og sér í lagi sjálfvirkum prófunum í Agile umhverfi. Starfið felst að stórum hluta í sjálfvirkum prófunum á vefþjónustum og krefst haldgóðrar tækniþekkingar, forritunarkunnáttu og framúrskarandi samskiptahæfileika. Glöggt auga og greiningarhæfni eru eiginleikar sem við metum einnig mikils. Háskólanám sem nýtist í starfi og/eða reynsla af hugbúnaðarprófunum er skilyrði.

### Java forritarar *(Senior Software Developers)*

Reynslumiklir Java forritarar með brennandi áhuga á nýjustu straumum í hugbúnaðargerð til að hanna og þróa hugbúnaðarlausnir Betware þar sem hár uppitími, hraði, skalanleiki og öryggi eru lykilatriði. Hafa þarf þekkingu á Service Oriented Architecture þar sem notast er við REST (JAX-RS 2.0) þjónustur og AMQP skeyti. Starfsreynsla og háskólanám sem nýtist í starfi er skilyrði.

### Forritarar *(Software Developers)*

Snjallir forritarar með brennandi áhuga á nýjustu straumum í hugbúnaðargerð sem hanna og þróa hugbúnaðarlausnir í Java og JavaScript. Reynsla af hönnun og notkun á REST þjónustum er kostur. Háskólanám sem nýtist í starfi er skilyrði.

*Betware er hugbúnaðarfyrirtæki sem þróar lausnir fyrir lotterí. Betware er með höfuðstöðvar á Íslandi og starfsemi í Danmörku, Spáni, Austurríki og Serbíu. Hjá Betware starfa um 190 manns sem leggja sitt af mörkum til að skapa skemmtilegan og vinalegan vinnustað.*

### Verkefnastjóri *(Project Manager/Scrum Master)*

Drífandi verkefnastjóri til að leiða hugbúnaðarteymi hjá Betware og finna leiðir til að hrinda úr vegi hindrunum þannig að teymið nái hámarksafköstum. Gott er að hafa reynslu af verkefnastýringu hugbúnaðarverkefna, hafa leitt Scrum teymi við þróun hugbúnaðar og hafa brennandi áhuga á Agile aðferðafræði.

### Alþjóða fjármálasérfræðingur *(International Finance Specialist)*

Markaðsþenkjandi fjármálasérfræðingur með góða þekkingu á alþjóðlegum fjármálum, kostnaðarútreikningum, greiningum, söluskýrslum og tilboðsgerð. Starfið felur í sér að vinna náið með söluteymi fyrirtækisins við innleiðingu ferla og mælinga sem stuðla að því að ná EBIT markmiðum söludeildarinnar. Greiningarhæfni, samskiptahæfileikar og frumkvæði eru eiginleikar sem nýtast vel í þessu starfi. Háskólanám í viðskiptagreinum sem og góð reynsla í fjármáladeild hjá alþjóðlegu fyrirtæki eru skilyrði fyrir þetta starf.

**Hljómar þetta tilvalið fyrir þig? Hikaðu þá ekki við að senda okkur umsókn og ferilskrá á netfangið applications@betware.com fyrir 12. apríl 2015 með heitið á stöðunni í viðfangi.**

**Hægt er að senda fyrirspurnir á Bergþóru mannauðsstjóra á netfangið applications@betware.com**

**Nánari upplýsingar um störfin er að finna á betware.com/jobs**

NOVOMATIC LOTTERY SOLUTIONS | VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2014 | Betware NOVOMATIC GROUP

**Betware** | Holtasmári 1 | 201 Kópavogur | +354 580 4700 | betware.com

## Starfsmenn óskast

**Óskum eftir að ráða reglusama og handlagna menn við uppsetningar á granít og kvartsborðplötum.**

**Upplýsingar gefa Ragnar og Sigurður í síma 566 7878. Einnig er hægt að senda umsóknir á rein@rein.is**

***Steinsmiðjan Rein - Viðarhöfða 1 - 110 Reykjavík***

---

KONE *Dedicated to People Flow*

## RAFVIRKJAR og VÉLVIRKJAR

KONE ehf. óskar eftir rafvirkja eða vélvirkja til starfa.

Helstu verkefni eru þjónustueftirlit og viðgerðir á lyftum og rennistigum

Sveinspróf í rafvirkjun eða vélvirkjun er skilyrði.

Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf skal senda á koneisland@kone.com

---

A. Óskarsson Verktaki ehf.

2014 Framúrskarandi fyrirtæki

## RAFVIRKJAR!

Óskum eftir rafvirkja til almennra rafvirkjastarfa.
Fyrirtækið er staðsett í Reykjanesbæ.
Þarf að getað unnið sjálfstætt.

Upplýsingar í síma: 892 3427 eða á netfangið: a.oskarsson@simnet.is

---

SELTJARNARNESBÆR

### Sundlaugarvörður.

Sundlaug Seltjarnarness óskar eftir að ráða sundlaugarvörð til starfa. Í starfinu felst m.a. sundlaugarvarsla, gæsla búningsklefa kvenna, þrif og þjónusta við sundlaugargesti á öllum aldri.

Umsækjandi þarf að vera á aldrinu 20-40 ára og vel á sig komin líkamlega, þjónustulunduð, góð í samskiptum við alla aldurshópa, þrifin, tala mjög góða íslensku og síðast en ekki síst heilsuhraust.

Um er að ræða vaktavinnu og framtíðarstarf.
**Ath. að viðkomandi þarf að standast sundpróf fyrir sundlaugarverði.**

*Umsóknir og fyrirspurnir skulu berast á tölvupóstfangið* ***haukur@seltjarnarnes.is*** *fyrir 7. apríl.*

**Íþrótta- og tómstundasvið Seltjarnarnesbæjar**

---

ÍSLENSKA SIA.IS ODD 73816 03/15

## Sérfræðingur á fjármálasviði

Oddi leitar að sérfræðingi á fjármálasvið fyrirtækisins. Viðfangsefnin eru bókhald, áætlanagerð, skýrslugerð, Excel, Pivot, Dynamics AX og co.

Oddi er líflegur, jafnréttissinnaður og fjölskylduvænn vinnustaður. Kímnigáfa er skilyrði og já, föstudagskaffið er æðislegt!

Kíktu á oddi.is og kynntu þér málið!

ODDI
Umbúðir og prentun

---

miðlun

### Miðlun óskar eftir kraftmiklum og metnaðarfullum sölufulltrúum.

Við erum að leita að fólki sem er jákvætt, vandvirkt, með góða tölvukunnáttu og góða íslenskukunnáttu.
Um hlutastarf á kvöldin er að ræða. Vinnutíminn er frá 17:30-21:45 en vaktafyrirkomulagið er sveigjanlegt. Það er gert ráð fyrir að starfsmenn vinni að minnsta kosti 2 vaktir í viku en frjálst er að vinna eins mikið og hver vill. Starfið hentar sérstaklega vel með námi.

Við bjóðum upp á skemmtilegt vinnuumhverfi, gefandi verkefni, góð laun fyrir gott fólk og frábær laun fyrir frábært fólk.

**Umsóknir ásamt ferilskrá sendist til Júlíu Birgisdóttur, sölustjóra, á julia@midlun.is**

---

GRUNNSKÓLINN Í BORGARNESI

## Lausar stöður við Grunnskólann í Borgarnesi

**Við leitum að öflugu fólki í eftirtaldar stöður frá og með 1. ágúst 2015**

***Deildarstjóri unglingastigs***

**Menntun, reynsla og hæfni:**

- Kennsluréttindi í grunnskóla og kennslureynsla.
- Meistarapróf eða framhaldsmenntun sem nýtist í starfi.
- Ríkir samstarfs- og samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og sköpunarkjarkur.
- Jákvæðni, ábyrgðarkennd og skipulagshæfileikar.
- Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af manna forráðum og verkefnastjórnun.

Óskað er eftir einstaklingi sem er tilbúinn að taka þátt í virku og skapandi skólastarfi og stýra faglegri þróun í sterku teymi kennara og stjórnenda.

***Tónmenntakennari***

**Menntun, reynsla og hæfni:**

- Kennsluréttindi í grunnskóla og kennslureynsla.
- Ríkir samstarfs- og samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og sköpunarkjarkur.
- Jákvæðni, ábyrgðarkennd og skipulagshæfileikar.

Óskað er eftir einstaklingi sem er tilbúinn að taka þátt í virku og skapandi skólastarfi og hefur hugrekki til þess að feta nýjar leiðir.

Grunnskólinn í Borgarnesi er heildstæður skóli með um 300 nemendur í 1.–10. bekk og tekur virkan þátt í skólasamfélagi Borgarbyggðar. Mikil þróun á sér stað innan skólans og einstakt tækifæri fólgið í því að vera hluti af þeirri sterku heild sem kennarar og starfsfólk skólans mynda.

**Umsóknarfrestur er til 20. apríl.**

Umsóknir skal senda til Signýjar Óskarsdóttur skólastjóra, **signy@grunnborg.is** Skólastjóri veitir einnig upplýsingar í síma 698-9772.

---

MJÓLKA

## Bílstjóri / lagerstarfsmaður

**Mjólka ehf óskar eftir að ráða bílstjóra/lagermann til sumarafleysinga sumarið 2015**

Leitað er eftir manni til starfa á lager fyrirtækisins að Eyrartröð 2a í Hafnarfirði auk þess að leysa af í útkeyrslu.

**Helstu verkefni:**
- Tiltekt pantana
- Dreifing á vörum til verslana og vetingastaða á Höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum
- Önnur tengd lagerstörf

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Meirapróf eða bílpróf tekið fyrir 1. júní 1993
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

**Umsóknarfrestur er til og með 12. apríl 2015**

**Umsóknir óskast sendar til Davíðs Ingimundarsonar david@mjolka.is**

**Mjólka ehf, Eyrartröð 2a, 220 Hafnarfjörður sími: 414-6500**

---

## Ráðgjafi í umhverfismálum

### Ráðgjafarfyrirtækið Alta leitar að góðum liðsmanni

Við leitum að starfsmanni sem hefur víða sýn, opinn hug og metnað til að ná árangri við fjölbreytt verkefni með sérþekkingu á umhverfismálum s.s.:

- Stefnumótun og innleiðingu á umhverfisstarfi
- Umhverfisstjórnun og/eða innleiðingu á kröfum umhverfismerkja
- Umhverfisgæðum innandyra m.a. loftgæðum
- Vistvænum innkaupum
- Samfélagsábyrgð

Innsýn í eftirfarandi er æskileg:

- Umhverfismat áætlana
- Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda
- Stefnumótun og verkefnisstjórnun
- Gæðastjórnun

Hæfniskröfur:

- Forvitni, áhugi og frumkvæði
- Opinn hugur og virðing fyrir fjölbreyttum sjónarmiðum
- Geta til að setja hlutina í margvíslegt samhengi
- Áhugi til að takast á við fjölbreytt verkefni og kynna sér nýjungar
- Geta til að leysa verk vel af hendi í samstarfi við aðra
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Háskólamenntun með framhaldsgráðu sem tengist ofangreindum sviðum
- Starfsreynsla er nauðsynleg og reynsla af ráðgjöf æskileg
- Starfsreynsla eða menntun erlendis á sérsviði er æskileg

Viðfangsefni Alta eru margvísleg, m.a. á sviði umhverfismála, skipulags- og byggðaþróunar, samfélagsábyrgðar, umhverfisgæða innandyra, stefnumótunar og verkefnisstjórnunar. Verkefnin eru fjölbreytt, þverfagleg, krefjandi og skemmtileg. Frjótt andrúmsloft, samhent starfsfólk og gott vinnuumhverfi gerir Alta að eftirsóttum vinnustað.

***Nánari upplýsingar veitir Halldóra Hreggviðsdóttir framkvæmdastjóri Alta - halldora@alta.is***

Ef þú hefur menntun og reynslu á þessum sviðum og áhuga á að takast á við þessi verkefni með okkur þá sendu umsókn til alta@alta.is
Umsóknarfrestur til og með 15. apríl.

Sjá nánar um okkur á www.alta.is

alta

Tónlistarskóli Stykkishólms

## Tréblásturskennari óskast

Um er að ræða fjölbreytt 100% starf frá og með næsta skólaári. Í því felst kennsla á tréblásturshljóðfæri (blokkflautu, þverflautu, klarinett og saxofón), samspil og fleira. Viðkomandi kennari hafi náið samstarf við lúðrasveit skólans. Lúðrasveitin starfar í þremur hópum (A, B og C-sveit) og þarf viðkomandi að vera tilbúinn að taka við stjórn eins hóps.

Tónlistarskóli Stykkishólms starfar á sterkum grunni, var stofnaður 1964. Við skólann starfa nú 8 kennarar og er kennsluaðstaða góð.

Upplýsingar um starfið gefur skólastjóri, Jóhanna Guðmundsdóttir í síma 433 8140 eða 864 9254. Einnig má skoða heimasíðu skólans: tonlistarskolinn.stykkisholmur.is

**Umsóknarfrestur er til 15. apríl.**

Anok margmiðlun ehf - ANOK-STHB-3

Stykkishólmur er gott samfélag í rómaðri náttúrufegurð í aðeins 2 klst. fjarlægð frá höfuðborginni. Þjónusta við íbúa er góð, heilsugæsla og sjúkrahús, íþróttahús með inni- og útisundlaug, heitum pottum og rennibraut, grunnskóli, leikskóli og tónlistarskóli að ógleymdum 9 holu golfvelli, verslunum og veitingastöðum. Sjá nánar: www.stykkisholmur.is.



Hagþenkir
félag höfunda fræðirita og kennslugagna

## Auglýsing um styrki Hagþenkis 2015

Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna, auglýsir eftir umsóknum um eftirtalda styrki:

**Starfsstyrkir til ritstarfa**
Til úthlutunar eru 13.000.000.- kr.

**Starfsstyrkir vegna handritsgerðar fræðslu- og heimildarmynda**
Til úthlutunar eru 200.000.- kr.

**Ferða- og menntunarstyrkir fyrir félagsmenn Hagþenkis**
Til úthlutunar á vorönn eru 2.000.000.- kr.

**Umsóknarfrestur 28. mars– 14. apríl kl. 12**

Allar nánari upplýsingar, úthlutunarreglur, rafræn umsóknareyðublöð og eyðublöð fyrir skilagreinar eru á heimasíðu félagsins: **www.hagthenkir.is** Umsækjendur fá rafræna staðfestingu í tölvupósti um að umsókn hafi borist og gildir kennimarkið sem kvittun og gefur færi á að lagfæra eða breyta umsókn þar til umsóknarfresti lýkur.

Hagþenkir. Þórunnartúni 2. 2.hæð 105. Rvk.
Sími 551-9599/ **hagthenkir@hagthenkir.is**

GRINDAVÍKURBÆR

## Tillaga að deiliskipulagi
### Eldvarpa - rannsóknarborholur, Grindavík

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar samþykkti á fundi 24.3.2015 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir rannsóknarborholur í Eldvörpum skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og umhverfisskýrslu, skv. 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Skipulagssvæðið er við Eldvörp og nær til 5 rannsóknarborhola.

Tillagan fjallar um staðsetningu borhola, aðkomu, skilmála og umhverfisáhrif. Deiliskipulagstillagan ásamt umhverfisskýrslu verður aðgengileg á bæjarskrifstofum Grindavíkurbæjar og heimasíðu www.grindavik.is, frá 30. mars til 13. maí. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar og berast til sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs í síðasta lagi 13. maí, annað hvort á Víkurbraut 62, 240 Grindavík eða á netfangið armann@grindavik.is

*Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs*
*Ármann Halldórsson*

matís



## *Öflugur sérfræðingur…*

**Matís óskar eftir að ráða drífandi og duglegan sérfræðing til starfa hjá fyrirtækinu í Reykjavík vegna nýrra og spennandi verkefna**

**Starfssvið**

Starfið felst í rannsóknum og almennri vinnu á tilraunastofu Matís á sviði líftækni og lífefna.

Starfshlutfall er 100% til þriggja ára en möguleiki á framlengingu eftir verkefnastöðu. Viðkomandi mun starfa við rannsóknastofu Matís við Vínlandsleið 12.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl**

**Hæfniskröfur**

- Að lágmarki B.Sc. gráða í raunvísindum (t.d. lífefnafræði, lyfjafræði matvælafræði, efnafræði, líffræði), og reynsla við rannsóknastörf.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð ásamt frumkvæði og metnaði til að ná árangri í starfi.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Æskilegt er að viðkomandi sé með reynslu af því að vinna á rannsóknatæki sbr. HPLC.
- Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsækjendur eru beðnir um að senda inn umsókn á heimasíðu Matís ***www.matis.is/atvinna***. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Frekari upplýsingar veitir Dr. Hörður G. Kristinsson, hordur@matis.is, og í síma 422 5000.

Matís ohf. | Vínlandsleið 12, 113 Reykjavík | s. 422 5000, www.matis.is




Hjá Pacta Lögmönnum starfa á þriðja tug reyndra lögmanna á 14 starfsstöðvum víða um land. Lögmenn Pacta búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á flestum sviðum lagaumhverfis sveitarfélaga, fyrirtækja, stofnana og einstaklinga.

